

Ed.

468. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og sent það stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til umsagnar. Einn fremur mættu ráðuneytissjóri félagsmálaráðuneytisins, Hjálmar Vilhjálmsson, og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jónas Guðmundsson, á fundi nefndarinnar.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. með einni brtt., sem stjórn og fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga höfðu mælt til að nefndin flytti við frv., og er hún svo hljóðandi:

BREYTINGARTILLAGA.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala í samræmi við það:

e-liður 15. gr. orðist svo:

Að greiða 0.5% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf sveitarfélaga.

Þrír nefndarmenn, BGuðm, AG og ÁB, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 12. apríl 1966.

Friðjón Skarphéðinsson,
form.

Auður Auðuns,
fundaskr., frsm.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Karl Kristjánsson.